

Auðkenni fyrirtækja

Hagnýtar leiðbeiningar um skráningar



stítt

Efnisyfirlit

Að stofna fyrirtæki.....	3
Hvert á að leita?	4
Hvernig skal standa vörð um réttindi?	5
Lögbirtingablaðið o.fl.....	6
Neytendastofa o.fl.....	7
Hvað með vernd erlendis?	8
Hvaða nafn á að velja?.....	9
Getur annars konar vernd átt við í atvinnurekstri?	10
Gagnlegar vefsíður.....	11

Að stofna fyrirtæki

Að ýmsu þarf að huga þegar farið er út í stofnun og rekstur fyrirtækis. Ýmis formsatriði þarf að uppfylla hjá ólíkum stofnunum og er opinber skráning fyrirtækis m.a. eitt þeirra. Gott er að kynna sér löggjöf varðandi atvinnurekstur, s.s. reglur í tengslum við stofnkostnað, skattalöggjöf, reglur varðandi leyfisveitingar, eftirlit, fresti, kæruleiðir, aðgang að fjármagni o.s.frv. Jafnframt þarf að velja hentugt félagaform og gott auðkenni eða nafn fyrir reksturinn.

Ímynd og viðskiptavild fyrirtækja er gríðarlega mikilvæg og eru auðkenni fyrirtækja oft ein dýrmætasta eign þeirra. Það er því mikilvægt að leita eftir upplýsingum hjá réttum aðilum og kynna sér vel þær upplýsingar sem í boði eru áður en nafn á fyrirtæki er valið.

Til auðkenna teljast ekki einungis nöfn fyrirtækja heldur jafnframt vörumerki og lén. Auðkenni eru skráð af ýmsum aðilum. Þau fela í sér ólík réttindi og marka réttarstöðu eiganda gagnvart öðrum aðilum á markaði.

Þegar velja á nafn fyrir atvinnustarfsemi er nauðsynlegt að athuga hvort það er þegar í notkun og/eða skráð sem firma, vörumerki eða lén. Það er því miður algengt að farið sé af stað með framleiðslu eða markaðssetningu án þess að slíkt hafi verið kannað, en af því hlýst oft mikil sóun á fjármunum og tíma.

Hvert á að leita?

Einkaleyfastofan annast m.a. skráningu vörumerkja.

Vörumerki eru hvers kyns sýnileg tákn sem notuð eru í atvinnustarfsemi til að greina vörur og þjónustu eins aðila frá vörum og þjónustu annarra. Vörumerki eru gjarnan notuð sem firmaheiti og lén. Vörumerki eru skráð til 10 ára í senn og er hægt að endurnýja þau eins oft og eigandi merkisins óskar.

Leita má eftir skráðum vörumerkjum á vefsíðu Einkaleyfastofunnar, www.els.is. Sömu leiðis getur Einkaleyfastofan gegn vægu gjaldi framkvæmt leit í vörumerkjaskrá. Þannig má koma í veg fyrir að sótt sé um skráningu samskonar merkis og þegar er skráð fyrir sambærilegar vörur og þjónustu.

Skráning vörumerkis hjá Einkaleyfastofunni veitir einkarétt á tilteknu orði eða merki, þ.e. fyrir þær vörur og/eða þjónustu sem merkinu er ætlað að auðkenna.

Sýslumenn annast skráningu á einstaklingsfyrirtækjum, firmum einstakra manna, samlagsfélögum og sameignarfélögum í firmaskrá viðkomandi sýslumannsembætta.

Ríkisskattstjóri rekur fyrirtækjaskrá, samvinnufélagaskrá, hlutafélagaskrá og sjálfseignarstofnanaskrá.

Fyrirtækjaskrá skráir firmanöfn.

Hlutafélagaskrá og samvinnufélagaskrá skrá hlutafélög, einkahlutafélög og samvinnufélög.

Sjálfseignarstofnanaskrá skráir sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur. Sjálfseignarstofnanir með staðfesta skipulagsskrá eru hins vegar skráðar hjá sýslumanninum á Sauðárkróki.



Isnic úthlutar lénum.

Lén eru notuð fyrir auðkenni á netinu. Isnic – Internet á Íslandi hf. sér um skráningu léna undir landsléninu .is.

Gildistími léna er ótímabundinn. Afnot af léni miðast við eitt ár í senn og með greiðslu árgjalda getur eigandi endurnýjað lénið eins oft og hann óskar.

Á vefsíðu ISNIC er aðgengileg rétthafaskrá eða gagnagrunnur, þar sem finna má upplýsingar um skráð lén hér á landi.

Skráning á léni hjá Isnic veitir ekki einkarétt á notkun orðsins sem lénið er sett saman úr. Til að tryggja einkarétt á orðinu er í flestum tilvikum nauðsynlegt að skrá það sem vörumerki.

Hvernig skal standa vörð um réttindi?

Eigendum skráninga ber sjálfum að standa vörð um réttindi sín. Við málsmeðferð í tengslum við skráningu réttinda veitir stjórnvíslandið fresti til andsvara ef frekari upplýsinga er þörf. Mikilvægt er að huga vel að öllum frestum, en réttihafar bera sjálfir ábyrgð á því að þeir séu virtir. Telji eigandi skráningar að brotið sé á rétti hans er mikilvægt að snúa sér strax til réttra aðila.

Réttihafar bera sjálfir ábyrgð á því að standa vörð um réttindi sín.

Með einföldum hætti getur réttihafi fylgst með skráningum réttinda þegar þau eru birt. Vakin er athygli á eftirfarandi miðlum sem koma út reglulega.

Lögbirtingablaðið

Í Lögbirtingablaðinu eru m.a. birtar lögboðnar auglýsingar um félög og firmu. Réttihafar geta gerst áskrifendur að Lögbirtingablaðinu á vefsíðunni www.logbirtingablad.is.


Ef réttihafi telur að brotið sé á rétti hans, t.d. með skráningu firmaheitis, sem er eins og eða svipað hans eigin auðkenni, getur hann borið málið undir dómstóla innan sex mánaða frá birtingu tilkynningar í Lögbirtingablaðinu.

ELS-tíðindi

Allar skráningar og tilkynningar vegna vörumerkja, hönnunar og einkaleyfa eru birtar í ELS-tíðindum sem koma út mánaðarlega. Blaðið er aðgengilegt á vefsíðu Einkaleyfastofunnar, www.els.is.

Andmælafrestur vegna skráningar vörumerkja er tveir mánuðir frá birtingu merkisins í ELS-tíðindum. Hver sem er getur andmælt skráningu vörumerkis en andmæli skulu rökstudd og send Einkaleyfastofunni. Á Einkaleyfastofunni er ákvarðað í ágreiningsmálum á grundvelli skriflegra athugasemda aðila. Ákvörðunum stofnunarinnar er hægt að áfrýja til Áfrýjunarnefndar um hugverkaréttindi á sviði iðnaðar.

Hafi eigandi skráðs merkis ekki notað vörumerkið hér á landi fyrir þær vörur eða þjónustu sem það er skráð fyrir innan fimm ára frá skráningardegi, má óska þess að skráningin verði ógilt með dómi. Þá getur hver sem lögmætra hagsmuna hefur að gæta krafist þess að Einkaleyfastofan afmái skráningu merkis ef sýnt er fram á að starfsemi eiganda þess hafi lagst af.



Komi upp ágreiningur varðandi eignarrétt geta málsaðilar sömuleiðis leitað til eftirtalinna aðila eftir því sem við á.

Neytendastofa

Neytendastofa er ein þeirra stofnana sem hafa eftirlit með viðskiptalífínu, sbr. lög um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins. Mál geta hafist t.d. eftir ábendingu neytenda eða kvörtun keppinauta eða samtaka. Ef einhver telur rétt sinn brotinn er hægt að beina kvörtunum til Neytendastofu. Ákvörðunum Neytendastofu má áfrýja.

Óheimilt er að reka atvinnustarfsemi undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda.

Isnic – Úrskurðarnefnd léna

Sérstök óháð og sjálfstæð úrskurðarnefnd starfar á vegum ISNIC. Nefndin hefur það hlutverk að skera úr ágreiningsmálum er varða skráningu léna.

Sýslumenn

Sýslumenn taka við beiðnum um lögbann, liggi fyrir grunur um byrjaða eða yfirvofandi athöfn annars aðila, sé það sannað eða sennilegt að athöfnin brjóti eða muni brjóta gegn lögvörðum rétti annars aðila.

Tollstjóri

Ef grunur leikur á að innflutningur eigi sér stað á falsaðri vöru sem brýtur gegn hugverkaréttindum, getur tollstjóri m.a. að beiðni rétthafa frestað tollafgreiðslu vörunnar á meðan rétthafi leitar bráðabirgðaaðgerða hjá þar til bærum yfirvöldum.

Dómstólar

Rétthafi getur leitað til almennra dómstóla telji hann sig hafa orðið fyrir broti á auðkennarétti sínum. Ef einhver telur á rétt sinn gengið með skráningu einkahlutafélags getur hann borið málið undir dómstóla innan sex mánaða frá því tilkynning um skráningu var birt í Lögbirtingablaðinu.

WIPO gerðardómur

Einkaaðilar geta leitað til gerðardóms Alþjóðahugverkastofnunarinnar (WIPO Arbitration and Mediation Center) vegna sáttaumleitana til lausnar á alþjóðlegum viðskipta-deilum.

Hvað með vernd erlendis?

Vörumerki sem skráð eru hjá Einkaleyfastofunni gilda eingöngu á Íslandi.

Ef markaðssetning er fyrirhuguð erlendis er mikilvægt að skrá merkið einnig í öðrum löndum ef tryggja á vernd þess.

Ísland er aðili að alþjóðlegu skráningarkerfi vörumerkja sem gerir mögulegt, með einni alþjóðlegri umsókn, að sækja um skráningu í yfir 70 löndum. Þ.á m. Norðurlöndunum, Bandaríkjunum, Kína og Evrópusambandinu. Einkaleyfastofan tekur á móti umsóknum um alþjóðlegar skráningar og veitir upplýsingar þar að lútandi.

Þá er einnig hægt að leggja inn landsbundna umsókn í hverju landi fyrir sig.

Hvaða nafn á að velja?

Áður en nafn er valið á fyrirtæki, vöru eða þjónustu er vert að kanna hvort heitið er þegar skráð eða í notkun. Þessa könnun má t.d. gera með leit á netinu eða í gagnabanka Einkaleyfastofunnar sem er aðgengilegur á netinu, www.els.is.

Til að fá vörumerki skráð hjá Einkaleyfastofunni þarf að gæta að eftirfarandi:

Merkið verður að hafa nægjanlegt sérkenni og vera til þess fallið að greina vörur eða þjónustu eiganda þess frá vörum eða þjónustu annarra.

Merkið má **ekki** lýsa tegund vörunnar, ástandi, magni, notkun, verði, uppruna eða öðru álíka. Sömuleiðis fást ekki skráð almenn tákn eða orð sem algeng eru í viðskiptum eða notuð í daglegu máli.

Merkið má ekki fela í sér opinber tákn, s.s. fána eða skjaldarmerki, nema að fengnu sérstöku leyfi.

Vörumerki má ekki brjóta á höfundarétti annars aðila.

Merki sem innihalda óskráningarhæf orð, eins og t.d. Ísland eða gæðaðþjónusta, geta þó fengist skráð í tiltekinni útfærslu eða með stílfærslu sem hefur nægjanlegt sérkenni. Einkarétturinn er þá veittur á heildarmynd merkisins en ekki orðunum sem slíkum.

Getur annars konar vernd átt við í atvinnurekstri?

Þeir sem stunda atvinnustarfsemi ættu að hafa í huga að oft getur annars konar hugverkavernd átt við og er vert að skoða það vel.

Félög eða samtök geta með skráningu *félagamerkis* hjá Einkaleyfastofunni öðlast einkarétt á sameiginlegu auðkenni fyrir vörur og/eða þjónustu til nota fyrir félagsmenn sína. Ennfremur geta stjórnvöld, stofnanir, félög eða samtök öðlast einkarétt á merki sem notað er fyrir vörur og þjónustu sem tiltekið eftirlit eða staðlar taka til. Um gildistíma félagamerkja gilda sömu reglur og um vörumerki.

Einkaleyfi verndar tæknilega nýjung, þ.e. uppfinningu sem felur í sér lausn á ákveðnu tæknilegu vandamáli. Einkaleyfi getur gilt í allt að 20 ár frá umsóknardegi.

Hönnunarvernd verndar útlit vöru sem ræðst fyrst og fremst af formi hennar. Aðrir þættir sem einnig geta haft áhrif eru t.d. litur og efni. Hönnunarvernd getur gilt í allt að 25 ár frá umsóknardegi.

Höfundaréttur er óskráður réttur sem verður til við sköpun verks. Rétturinn tekur einkum til bókmennta, tónlistar, myndlistar og tölvuforrita. Höfundaréttur gildir á meðan höfundur lifir og í 70 ár eftir andlát hans.

Gagnlegar vefsíður

Einkaleyfastofan

- www.els.is

Ríkisskattstjóri

- www.rsk.is

Vefur sýslumanna

- www.syslumenn.is

Internet á Íslandi hf. (Isnic)

- www.isnic.is

Lögbirtingablaðið

- www.logbirtingablad.is

Neytendastofa

- www.neytendastofa.is

Tollstjórinn í Reykjavík

- www.tollur.is

Vefur héraðsdómstólanna

- www.domstolar.is

Víðskiptaráðuneytið

- www.vidskiptaraduneyti.is

Lagasafn Alþingis

- www.althingi.is

Reglugerðasafn

- www.reglugerd.is

Stjórnartíðindi

- www.stjornartidindi.is

Upplýsinga- og þjónustuveita um þjónustu ríkis og sveitarfélaga

- www.island.is

Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Impra

- www.nmi.is

Rannsóknamiðstöð Íslands

- www.rannis.is

Alþjóðahugverkastofnunin, WIPO

- www.wipo.int



Einkaleyfastofan